

hefir haldið fram, að það hafi ekki verið ásetningur sinn að stela, er hann fór inn í húsið, heldur hafi hann leitað skjóls til að drekka áfengi, og kveðst hafa verið nokkuð ölvaður, er hann gerði sig sekan í afbrotinu.

En þar sem hann fór tvisvar sama daginn í húsið, er líklegra að hann hafi í seinna skiftið farið inn í því skyni að stela. Þar sem eigendur netaslanganna hafa fengið þær jafn góðar aftur, og sá er keypti fær peninga sína, er ekki um skaðabætur að ræða.

Ákærði, sem er fæddur 9. júní 1906, var með aukarjettardómi uppkveðnum hjer 4. jan. f. á. dæmdur í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið samkv. lögum 16. nóv. 1907. Afbrot hans nú verður því að heimfæra undir 252. grein hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Svo greiði ákærði og allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður. Um málsvarnarlaun er ekki að ræða þar eð verjandi hefir ekki krafist þeirra.

Á málinu hefir enginn annar dráttur orðið, en að dómuppsögn hefir dregist litið vegna mikilla og margvislegra embættisanna dómars.

Föstudaginn 23. mars 1928.

Nr. 121/1927.

Valdstjórnin (Svb. Jónsson)
gegn

**Jóhannesi Hjálmarssyni, Bjarna Finn-
bogasyni og Kristmundi Einarssyni**
(Fjeldsted).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var höfðað fyrir aukarjetti Siglufjarðar gegn hinum kærðu Jóhannesi Hjálmarssyni, Bjarna Finnbogasyni og Kristmundi Einarssyni fyrir ólöglegan innflutning áfengra drykkja, en samtímis rannsókninni gegn mönnum þessum fór fram rannsókn fyrir

lögreglurjetti Akureyrar gegn Jóni Guðmundssyni, Ingvari Einarssyni og Jóhannesi Björnssyni fyrir hlutdeild í hinu sama broti, og við framhaldsrannsókn gegn hinum siðarnefndu mönnum hjer í Reykjavík hefir það komið í ljós, að hinir kærðu í máli þessu eru meira riðnir við áfengisinnflutning þenna en þeir hafa kannast við fyrir lögreglurjettinum á Siglufirði. Hefir hinn skipaði sækjandi í hæstarjetti því, samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og málinu vísað heim til frekari rannsóknar.

Með því að framangreind framhaldsrannsókn sýnir það, að málið er ekki enn nægilega upplýst að því er kærðu snertir og með því að það skiftir miklu að rannsókn fari fram samtímis gegn öllum hluttakendum í áfengisinnflutningi þeim, er ræðir um í málinu, svo að samprófa megi hina kærðu um þau atriði í verknaði þeirra, sem enn eru óljós og ágreiningur er um milli hinna kærðu, þá þykir ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til frekari rannsóknar.

Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður við áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 70 kr. til hvors þeirra, að greiðast úr ríkissjóði.

Við meðferð málsins að öðru leyti er það að athuga að málið hefir verið rekið fyrir aukarjetti Siglufjarðar í stað þess að fara átti með það fyrir lögreglurjetti samkvæmt 20. gr. laga nr. 15, . júní 1925.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til frekari rannsóknar. — Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar

með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Fjeldsted, 70 kr. til hvors þeirra, greiðist úr rikissjóði.

Föstudaginn 23. mars 1928.

Nr. 61/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Wiet Theessen (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 26. apríl 1927: Kærði, Wiet Theessen á strax að greiða sekt að upphæð 15000 kr. til Landhelgisjórðs Íslands en sæta átta mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur affli innanborðs í togaranum »Venus« P. G. 287 frá Geestefmünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þann 25. apríl f. á. kl. 7,17 árdegis var varðskipið Óðinn vestur af Portlandi á miðinu:

Pjetursey
 > 33°,40'

Hatta
 > 22°,0

ysti drangur v. Portland

og miðaði þá skip kærða í m/v. SSA og virtist varðskipinu skip kærða stefna nálægt því í m/v. VNV, en sú stefna liggur skáhalt út frá landi. Kl. 7,25